

VÖKTUNARKERFI

Með vísan til greinar 3.1. í starfsleyfi Als, álvinnslu hf., dags. 1. september 2011, hefur félagið ákveðið að bæta við kafla í Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi sem fjalla skal um vöktunarkerfi og vöktunarmælingar í rekstri félagsins.

- Eftirlit með efnisnotkun. Efnisnotkun er öll skráð og borin saman við orkunotkun og unnið magn. Fari einhver þáttur efnis, sem notað er við vinnslu, yfir 10% fram úr meðaltali pr. unnið tonn, skal skrá athugasemd í vöktunarkerfið og þess getið ef einhverjar sérstakar aðstæður hafi orsakað þessa auknu notkun. Efnisnotkun samkvæmt þessu skal reiknuð út ársfjórðungslega. Nánar tiltekið skal líta eftir og skrá:

 - Olíunotkun (l) – Skráð sjálfvirkt í tölvukerfi í stjórnherbergi eftir hverja lotu;
 - Súrefnisnotkun (Nm³) – Skráð sjálfvirkt í tölvukerfi í stjórnherbergi eftir hverja lotu;
 - Rafmagnsnotkun (kWh) – Skráð sjálfvirkt í tölvukerfi í stjórnherbergi eftir hverja lotu;
 - Gjall til vinnslu (t) – Skráð í tölvukerfi í því skyni að reikna sjálfvirkt út hlutfallslega notkun á olíu, súrefni og rafmagni. Fari notkun yfir 10% frá meðaltali skal hún skráð í vöktunarkerfið með skýringu.
 - Próþangas (l) – Skráð í tölvukerfi í stjórnherbergi þegar skipt er um gaskút;
 - Kalk (t) – Skráð í stjórnherbergi þegar skipt er um kalkpoka í hreinsivirki;
 - Fjöldi síupoka;
 - Meðaltal ofangreindra þátta miðað við unnið magn álgjalls skal reiknað ársfjórðungslega. Hækki notkun um meira en 5% milli slíkra útreikninga skal það fært í vöktunarkerfið með skýringu.
- Eftirlit með móttæknunni álgjalli. Unnið skal samkvæmt sérstökum verkferlum við móttöku álgjalls þannig að leitast verði við að efni, sem innihalda lítið ál, verði ekki tekið til vinnslu. Haldið skal utan um skráningu upplýsinga þannig að unnt sé að mæla hugsanleg afbrigði í útblæstri, efnis- eða orkunotkun við vinnslu efni úr tilteknum gámum.
- Rekstur hreinsivirkis. Upplýsingar um ryk í sekkjum frá hreinsivirki og kalk í kalkskömmtum skal skráð sérstaklega. Skrá skal athugasemd í vöktunarkerfi ef grunur vaknar um bilun í hreinsivirki, t.d. ef kalknotkun er óeðlileg eða síupokar duga mismunandi lengi miðað við unnið magn álgjalls. Annað hvert ár skal sýni úr sekkjum sent til efnagreiningar hjá óháðum aðila þar sem mæld eru díoxín, ammoníak og styrk frumefna.
- Gjallsandur. Skrá skal upplýsingar um gjallsand úr hverri vinnslu, m.a. ef ásynd hans eða annað bregður frá venju. Starfsmenn skulu reglulega mæla og skrá innihald flúors. Árlega skal sýni, sem hefur verið flúorgreint með þessum hætti, sent til óháðs aðila til flúorgreiningar til samanburðar.
- Sjónrænt mat/lykt. Brýnt skal fyrir starfsmönnum að huga að ryki eða lykt innan dyra sem utan og skrá í vöktunarkerfi ef afbrigði verða. Skal sérhverri athugasemd fylgt eftir af verkstjóra með viðeigandi rannsókn. Verkstjóri getur kallað til óháðan aðila til að meta þann þátt sem málið snertir.

6. Álag á umhverfi. Einu sinni á ári skal mæla og skrá magn flúors í grunnvatni og í jarðvegi (1 m dýpi) nálægt þeim stað sem gjallsandur kann að vera geymdur.
7. Umkvartanir. Færa skal allar umkvartanir starfsmanna, nágranna eða eftirlitsaðila í vöktunarkerfi og þess gætt að unnið sé úr þeim með fullnægjandi hætti.
8. Mælingar. Beri mælingar á útblæstri, hljóði eða öðru með sér afbrigði frá venju skal skrá slíkt í vöktunarkerfi og hefja þegar könnun á ástæðum þess með það fyrir augum að tryggja að unnið sé samkvæmt starfsleyfi.
9. Vöktunarkerfi. Allar færslur í vöktunarkerfi skulu sendar framkvæmdastjóra til kynningar. Sé ástæða til að ætla að frávik sé á forsendum starfsleyfis eða að bilun sé í búnaði rekstrar skal þegar brugðist við með stöðvun rekstrar og hann ekki gangsettur að nýju þangað til úrbætur eru tryggðar.
10. Skráning. Færslum í vöktunarkerfi má ekki eyða. Sérhverri færslu skal fylgt eftir og aðeins lokað að fullnægjandi forsendur séu til þess. Eftirlitsaðilar skulu hvenær sem er hafa aðgang að vöktunarkerfi félagsins.

Reykjavík, 30. nóvember 2011, endurskoðað 25. ágúst 2012 og 25. september 2013.